

Samningur um rekstur Sérdeildar Suðurlands

Sveitarfélagið Árborg (hér eftir ritað SÁ), kt. 650598-2029, annars vegar og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (hér eftir ritað SASS), kt. 480775-0159, hins vegar, gera með sér svofelldan samning um rekstur Sérdeildar Suðurlands:

1. gr.

Samkvæmt samningi þessum og með vísan til 42. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og VII. kafla reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996 rekur SÁ sérdeild sem veitir nemendum grunnskóla á starfssvæði SASS, sem ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild, sérhæft námsumhverfi í lengri eða skemmri tíma. Nafn deildarinnar er Sérdeild Suðurlands (hér eftir nefnt sérdeildin).

2. gr.

Við sérdeildina skal starfa fagráð. Ráðið skipa verkefnisstjóri fræðslumála í SÁ, skólastjóri Sunnulækjarskóla, deildarstjóri sérdeildarinnar, sérfræðingur frá Skólaskrifstofu Suðurlands, fulltrúi Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og fulltrúi stjórnar SASS sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðið hefur faglegt eftirlitshlutverk með starfi deildarinnar og fjallar um og afgreiðir umsóknir um skólavist samkvæmt starfsreglum sem það setur. Starfsreglur sérdeildar og fagráðs hennar teljast hluti af samningi þessum.

3. gr.

Á grundvelli samningsins eiga sveitarfélög á Suðurlandi, sem eiga aðild að SASS, rétt á að sækja um skólavist í sérdeildinni fyrir nemendur sem falla undir skilgreiningu 1. gr. Um umsóknir og afgreiðslu þeirra fer samkvæmt starfsreglum Sérdeildar Suðurlands og fagráðs sérdeildar. Jafnframt eiga sveitarfélög rétt á sérhæftri ráðgjöf vegna þeirra barna sem falla undir 1. gr. og ekki er veitt af Skólaskrifstofu Suðurlands.

4. gr.

Við gildistöku samnings þessa er sérdeildin rekin sem deild innan Sunnulækjarskóla undir yfirstjórn skólastjóra. Sérstakur deildarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar og hann og aðrir starfsmenn deildarinnar eru starfsmenn Sunnulækjarskóla. Sérfræðingar Skólaskrifstofu Suðurlands eru faglegir ráðgjafar sérdeildar, sbr. starfsreglur hennar. Allir nemendur sem innritast í sérdeild skulu vera með heimaskóla á starfssvæði SASS og skólastjóri hvers heimaskóla ber ábyrgð á að skólaganga nemandans sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá á hverjum tíma.


5. gr.

Sveitarfélagið Árborg sér um og ber ábyrgð á rekstri sérdeildarinnar. Skólastjóri Sunnulækjarskóla ber ábyrgð á fjármálum deildarinnar, gerir fjárhagsáætlanir og hefur yfirumsjón með ráðningu starfsmanna. Hann skal kynna fagráði sérdeildar rekstrarstöðu ár hvert.

Til rekstrarkostnaðar sérdeildar telst: Laun og launatengd gjöld starfsmanna, vöru- og þjónustukaup, hlutdeild í kostnaði við yfirstjórn Sunnulækjarskóla og húsvörslu að frádregnum námsvistargjöldum annarra sveitarfélaga. Allur skólaakstur, að og frá heimaskóla, með nemendur utan Árborgar skal greiddur af viðkomandi lögheimilissveitarfélagi.

6. gr.

Með samningi þessum og með vísan til 21. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996 skuldabinda sveitarfélög á Suðurlandi sig til að taka þátt í rekstrarkostnaði sérdeildarinnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í grein þessari.



Kostnaður vegna námsvistar

Sveitarfélagið Árborg innheimtir námsvistargjöld vegna nemenda sérdeildar sem ekki eiga lögheimili í Árborg af viðkomandi lögheimilissveitarfélagi. Samkvæmt 21. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 389/1996 skal fjárhæð námsvistargjalds miðast við meðaltalskostnað á hvern nemanda í sérdeildinni án stofnkostnaðar og fjármagnskostnaðar.

Námsvistargjöld sem koma til innheimtu vegna nemenda á haustönn skulu reiknuð út við upphaf hvers skólaárs. Miða skal við rauntölur næstliðins árs sem eru rekstrarliðir skv. 5. gr. Rauntölur skulu framreiknaðar frá desember til september samkvæmt neysliverðsvísitölu. Þegar rekstrarniðurstöður liggja fyrir í bókhaldi sérdeildar fyrir næstliðið rekstrarár, skal reiknaður út meðalkostnaður á nemanda sem kemur til innheimtu vegna nemenda á vorönn og miða skal við rekstrarliði samkvæmt 5. gr.

Kostnaður vegna reglubundinnar ráðgjafar

Komi til reglubundinnar ráðgjafar vegna nemanda með sérþarfir, sem ekki er skráður í sérdeildina, skal heimaskóli hans greiða fyrir þá ráðgjöf sérstaklega. Tímagjald skal miðast við tímakaup í dagvinnu ásamt launatengdum gjöldum, samkvæmt launaflokki 414 í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands sem í gildi er á hverjum tíma. Sérdeild og heimaskóli nemanda gera með sér skriflegan samning um reglubundna þjónustu.

7. gr.

Skóladagar sérdeildar fylgja skóladagatali Sunnlækjarskóla. Miða skal við að dvöl nemenda í sérdeild sé í samræmi við getu þeirra og þroska.

8. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2008 og kemur í stað eldri samnings milli sömu aðila frá 19. júlí 1999. Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.


9. gr.


Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar leita sátta. Náist ekki samkomulag skal ágreiningur rekinn fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar og stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Selfossi, 26. júní 2008

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar



Ragnheiður Hergesdóttir
bæjarstjóri




F.h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Vottar að rétttri dagsetningu,
undirskrift og fjárhæði aðila:

 Kennitala 251070-3185

 Kennitala 040655-4259

Sérdeild Suðurlands

Starfsreglur

Stjórnun:

1. Sérdeild Suðurlands starfar samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 og reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996 og á grundvelli samnings milli Sveitarfélagsins Árborgar og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
2. Sérdeild Suðurlands (hér eftir kölluð sérdeildin) er deild í Sunnulækjarskóla en sérstakur deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu skólastarfi hennar. Skólastjóri Sunnulækjarskóla hefur umsjón með ráðningu deildarstjóra við sérdeildina og ráðningu annarra starfsmanna í samráði við hann.
3. Deildarstjóri sérdeildar skal hafa kennsluréttindi og menntun á sviði sérkennslu og/eða fötlunar ásamt reynslu í kennslu og þjálfun nemenda með fötlun. Sérfræðingar á skólaskrifstofu eru faglegir ráðgjafar sérdeildar. Ráðgjafar fundi með starfsfólki eftir þörfum.
4. Fagråd fjallar um allar umsóknir sem berast til sérdeildar og annast innritun og útskrift nemenda. Fagråd er skipað: Verkefnisstjóra fræðlumála í Árborg, skólastjóra Sunnulækjarskóla, deildarstjóra sérdeildar, sérfræðingi á Skólaskrifstofu Suðurlands, fulltrúa Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og fulltrúa stjórnar SASS sem jafnframt er formaður fagráðs.
5. Árlegur starfstími sérdeildar fylgi skóladagatali Sunnulækjarskóla. Miða skal við að dvöl nemenda í sérdeild samræmist getu þeirra og þroska.

Hlutverk:

6. Hlutverk sérdeildar er að veita nemendum með fötlun sérhæft námsumhverfi um lengri eða skemmri tíma í samvinnu við heimaskóla. Tryggja skal vönduðustu sérkennslu og þroskaþjálfun sem völ er á hverju sinni með það að markmiði að undirbúa nemendur undir líf og starf í þjóðfélaginu. Áhersla skal lögð á að við deildina starfi sérkennarar og þroskaþjálfar.
7. Kennurum og þroskaþjálfum sérdeildar ber að vinna skriflega einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda í samráði við foreldra/forráðamenn og kennara í heimaskóla. Skal því vera lokið fyrir 1. október ár hvert. Foreldrar ásamt heimaskóla fái afrit af námsáætlunum barna sinna. Áherslur í einstaklingsnámskrá nemenda skulu ræddar á teymisfundum að hausti og í lok hverrar námsannar, oftast ef þurfa þykir.
8. Kennarar og þroskaþjálfar sérdeildar veita kennurum almennra skóla ráðgjöf um námstilhögun og við gerð einstaklingsnámskrár vegna þeirra nemenda sem sækja sinn heimaskóla en eru að hluta til í sérdeild.

9. Sérdeild tekur að sér ráðgjöf, í samvinnu við Skólaskrifstofu Suðurlands og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi, til þeirra skóla/kennara sem eru með nemendur með alvarlega fötluun en eru ekki skráðir í Sérdeild Suðurlands. Ráðgjöfin felur í sér kynningu á kennsluaðferðum og námsgögnum. Sé um reglubundna þjónustu að ræða skulu greiðslur fara samkvæmt 6. gr. samnings Sveitarfélagsins Árborgar og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Innritun/útskrift/eftirfylgd:

10. Stefnt skal að því að mæta þörfum nemenda fyrir sérhæfða þjónustu. Fjöldi nemenda í sérdeild fari þó eftir eðli fötluunar nemenda og aðstæðum hverju sinni.
11. Deildarstjóri sérdeildar skal senda öllum grunnskólum á Suðurlandi umsóknareyðublöð í janúar. Umsóknir skulu berast eigi síðar en 1. mars ár hvert. Fagråd fjallar um umsóknir um miðjan mars fyrir næsta skólaár. Endanlegri innritun skal að jafnaði lokið fyrir marslok. Heimaskóli skal setja sig í samband við sérdeild og koma í heimsókn með foreldra og nemanda áður en formleg umsókn er send. Berist umsóknir á miðju skólaári metur fagråd þær jafnóðum með tilliti til aðstæðna hverju sinni.
12. Umsókn um innritun í sérdeild skal berast frá skólastjóra heimaskóla nemanda til deildarstjóra sérdeildar. Skal hún undirrituð af foreldri/forráðamanni og fulltrúa sveitarfélags. Með nýjum umsóknum skulu fylgja allar bakgrunnsupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir faglega umfjöllun og mat og skal það gert með fullu samþykki foreldra. Staða nemenda í sérdeild skal metin árlega í samstarfi við heimaskóla og sérfræðinga á Skólaskrifstofu.
13. Sérdeildin metur hvaða skilyrðum þarf að fullnægja svo hægt sé að mæta sérkennsluþörfum nemenda sem best og gerir jafnframt tillögur um tengsl við heimaskóla eða meðferðarstofnun út frá þörfum nemandans. Ef þurfa þykir, gerir fagråd tillögur í samráði við deildarstjóra varðandi kennslurými, vinnuaðstöðu og hjálpartæki. Einnig gerir fagråd tillögur um sérmenntun starfsfólks í samvinnu við skólastjórnendur.
14. Allir nemendur deildarinnar eru skráðir í sinn heimaskóla. Rík áhersla er lögð á að nemendur deildarinnar séu virkir þátttakendur í kennslustundum með sínum jafnöldrum og sveitungum eftir því sem kostur er. Áætlun um þátttöku nemenda í bekkjartímum er gerð í samráði við foreldra og umsjónarkennara nemandans.
15. Þegar nemandi útskrifast úr sérdeildinni í sinn heimaskóla og að loknu grunnskólanámi, sinna kennarar sérdeildar eftirfylgd og ráðgjöf samkvæmt samkomulagi sbr. 9. grein þessara starfsreglna. Skrifleg greinargerð um stöðu nemanda skal send heimaskóla með samþykki forráðamanna og samið

um form og fyrirkomulag eftirfylgdar. Ábyrgð á eftirfylgd bera deildarstjóri og faglegur ráðgjafi sérdeildarinnar, sbr. 3. grein þessara starfsreglna.

16. Starfsreglur þessar eru endurskoðuð útgáfa af starfsreglum sem í gildi hafa verið frá 24. mars 2004. Þær hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af nógildandi lögum og reglugerðum. Starfsreglurnar eru settar skv. 2. gr. samnings Sveitarfélagsins Árborgar og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Starfsreglur fyrir fagråd Sérdeildar Suðurlands

Hlutverk:

1. Fagråd fjallar um og afgreiðir umsóknir sem berast deildarstjóra Sérdeildar Suðurlands fyrir 1. mars ár hvert. Ef umsóknir berast á miðju skólaári metur fagråd þær jafnóðum með tilliti til aðstæðna hverju sinni.
2. Deildarstjóri sérdeildar boðar til funda í samvinnu við formann fagráðs. Fundir í fagráði skulu að jafnaði vera fjórir á skólaárinu og fleiri eftir þörfum.
3. Formaður fagráðs stjórnar fundum og sér um að fundargerðir séu haldnar. Þær skal senda til fulltrúa í fagráði, stjórnar SASS, skólanefndar og bæjarráðs Árborgar.
4. Fagråd metur hvaða skilyrðum þarf að fullnægja svo hægt sé að mæta sérkennsluþörfum nemenda.
5. Deildarstjóri sérdeildar kynnir starfsemi deildarinnar að hausti. Skólastjóri Sunnulækjarskóla kynnir fagráði rekstrarstöðu sérdeildarinnar ár hvert.
6. Fagråd fer árlega yfir starfsreglur, a) sérdeildar og b) fagráðs, og gerir breytingartillögur sé þess þörf í samráði við skólastjóra Sunnulækjarskóla.
7. Ef þurfa þykir, gerir fagråd tillögur varðandi kennslurými, vinnuástöðu og hjálpartæki. Einnig gerir fagråd tillögur um sérmenntun starfsfólks.
8. Starfsreglur þessar eru endurskoðuð útgáfa af starfsreglum sem í gildi hafa verið frá 24. mars 2004. Þær hafa verið endurskoðaðar með hliðsjón af nógildandi lögum og reglugerðum. Starfsreglurnar eru settar skv. 2. gr. samnings Sveitarfélagsins Árborgar og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Selfossi, 26. júní 2008

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Ragnheiður Hergeirsdóttir
bæjarstjóri



F.h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri